

Endurskoðun samþykktta 2021

Breytingatillögur á samþykktum



1. Rafrænt stjórnarkjör

1.1. Ákvæði um rafrænt stjórnarkjör – almennt og opið ákvæði

1.1.1. Núverandi ákvæði

5.1.

Stjórn sjóðsins skal skipuð sex sjóðfélögum kjörnum í kosningum af sjóðfélögum til þriggja ára í senn og skal stjórnin skipuð þremur einstaklingum af hvoru kyni.

Varamenn í stjórn eru þrjú sjóðfélagar kjörnum í kosningum af sjóðfélögum og skal hvort kyn eiga minnst einn fulltrúa í varastjórn.

Að jafnaði skulu ár hvert kosnir tveir sjóðfélagar til stjórnar í kosningum fyrir ársfund og einn til vara.

Framboðum til stjórnar (aðalmenn) skal skila viku fyrir ársfund til stjórnar sjóðsins.

Stjórnarmenn skulu kosnir með meirihlutakosningu. Ef kjósa á einn frambjóðanda fer öll inneign sjóðfélaga á þann frambjóðanda. Ef kjósa skal tvo stjórnarmenn getur sjóðfélagi merkt við tvo frambjóðendur og fá þeir þá báðir alla inneign sjóðfélagans.

Niðurstaða stjórnarkjörs, bæði aðalmanna og varamanna, ræðst af skilyrðum 1, 2. og 3. mgr. um hlutfall kynja í stjórn. Ef laust sæti skal skipað tilteknu kyni hlýtur sá frambjóðandi af því kyni sem fær flest atkvæði kosningu.

Varamenn skulu boðaðir í fjarveru stjórnarmanna í þeirri röð sem þeir voru kosnir. Varamenn hafa eingöngu atkvæðisrétt þegar þeir sitja sem aðalmenn.

Stjórnarmaður má sitja í stjórn sjóðsins í allt að 12 ár.

1.1.2. Tillaga að breyttu ákvæði:

5.1.

Stjórn sjóðsins skal skipuð sex sjóðfélögum **sem kjörnir eru í rafrænum kosningum** af sjóðfélögum til þriggja ára í senn og skal stjórnin skipuð þremur einstaklingum af hvoru kyni.

Varamenn í stjórn eru þrjú sjóðfélagar **sem kjörnir eru í rafrænum kosningum** af sjóðfélögum og skal hvort kyn eiga minnst einn fulltrúa í varastjórn.

Að jafnaði skulu ár hvert kosnir tveir sjóðfélagar til stjórnar í rafrænum kosningum fyrir ársfund og einn til vara. **Ef stjórnarsæti skal vera skipað tilteknu kyni eru aðeins sjóðfélagar af því kyni í framboði til þess sætis.**

Stjórn sjóðsins skal skipa þriggja manna kjörnefnd í lok desembermánaðar ár hvert. Kjörnefnd setur nánari reglur um framkvæmd kosningarinnar. Reglur um skipan kjörnefndar og framkvæmd kosninga skulu staðfestar af stjórn og kynntar á heimasíðu sjóðsins samtímis því að auglýsing eftir framboðum er birt á heimasíðu sjóðsins.

Allir sjóðfélagar eru kjörgengir og njóta kosningaréttar til stjórnar.

Stjórnarmenn skulu kosnir með meirihlutakosningu. Ef kjósa á einn frambjóðanda fer öll inneign sjóðfélaga á þann frambjóðanda. Ef kjósa skal tvo stjórnarmenn getur sjóðfélagi merkt við tvo frambjóðendur og fá þeir þá báðir alla inneign sjóðfélagans.

Niðurstaða stjórnarkjörs, bæði aðalmanna og varamanna, ræðst af skilyrðum 1., 2. og 3. mgr. um hlutfall kynja í stjórn. Ef laust sæti skal skipað tilteknu kyni hlýtur sá frambjóðandi af því kyni sem fær flest atkvæði kosningu. **Sjóðurinn skal með þessu tryggja að fylgt sé 4. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 um samsetningu stjórnar.**

Varamenn skulu boðaðir í fjarveru stjórnarmanna í þeirri röð sem þeir voru kosnir. Varamenn hafa eingöngu atkvæðisrétt þegar þeir sitja sem aðalmenn.

Stjórnarmaður má sitja í stjórn sjóðsins í allt að 12 ár.

1.1.3. Rökstuðningur – athugasemdir – skýringar:

Tillögu þessari er ætlað að breyta fyrirkomulagi á stjórnarkjöri sjóðsins þannig að það verði hér eftir með rafrænum hætti. Sjóðfélagar munu því kjósa með rafrænum skilríkjum á þar til gerðri kosningasíðu á netinu. Einnig munu sjóðfélagar eiga kost á að koma á skrifstofu sjóðsins meðan á kosningu stendur og greiða atkvæði sitt þar. Ákvæðið er opið og tiltekur með almennum hætti að kosningar skulu fara fram rafrænt. Sú skylda er lögð á kjörnefnd að setja nánari reglur um framkvæmd kosninganna sem skulu staðfestar af stjórn og kynntar á heimasíðu sjóðsins. Kjörnefnd hefur því heimild til að gera breytingar á fyrirkomulagi á milli ársfunda.

1.2. Umboð atkvæðisréttar

1.2.1. Núverandi ákvæði

8.3.

Ef sjóðfélagi getur ekki mætt á sjóðfélagafund getur hann gefið öðrum umboð til að fara með atkvæðisrétt sinn. Umboðið þarf að vera skriflegt og vottfest af tveimur vitundarvottum og bundið við tiltekinn fund. Í gegnum umboð og eigin atkvæðisrétt getur hver sjóðfélagi að hámarki farið með atkvæðisrétt upp á 0,3% af heildareignum lífeyrissjóðsins m.v. 31. desember síðastliðins árs.

1.2.2. Tillaga að breyttu ákvæði.

8.3.

Ef sjóðfélagi getur ekki mætt á sjóðfélagafund getur hann gefið öðrum umboð til að fara með atkvæðisrétt sinn. **Umboðið þarf annað hvort að vera skriflegt og vottfest af tveimur vitundarvottum eða undirritað með fullgildum rafrænum skilríkjum og bundið við tiltekinn fund.**

1.2.3. Rökstuðningur – athugasemdir – skýringar:

Framkomin breytingatillaga felur í sér að óþarft er að kveða á um hámarksatkvæðahlutfall sem sjóðfélagi getur farið með, enda má reikna með því að umboðasöfnun verði óþörf hvað varðar kosningu til stjórnar sjóðsins. Ekki er talin þörf á því að slíkt hámarkshlutfall gildi um aðrar kosningar og því er lagt til að málsliðurinn falli út.

1.3. Boðun ársfundar

1.3.1. Núverandi ákvæði

7.1.

Skylt er stjórn sjóðsins að boða til ársfundar sjóðfélaga einu sinni á ári í mars eða apríl.

7.2.

Stjórnin skal boða ársfund með minnst 14 daga fyrirvara með auglýsingu í að minnsta kosti einu dagblaði sem hefur víðtæka útbreiðslu á Íslandi og með tilkynningu á heimasíðu sjóðsins, og telst slíkt boðun tryggileg. Í fundarboði skal geta dagskrár. Ársfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.

1.3.2. Tillaga að breyttu ákvæði:

7.1.

Stjórn sjóðsins skal boða til ársfundar sjóðfélaga einu sinni á ári **að jafnaði** í mars eða apríl. **Þó er stjórn heimilt að boða til ársfundar fyrir lok júní hvert ár, telur hún tilefni til.**

7.2.

Stjórnin skal boða ársfund með minnst 14 daga fyrirvara með auglýsingu í að minnsta kosti einu dagblaði sem hefur víðtæka útbreiðslu á Íslandi og með tilkynningu á heimasíðu sjóðsins, og telst slíkt boðun tryggileg. Í fundarboði skal geta dagskrár og **tilgreina fyrirkomulag rafrænnar kosningar til stjórnar.** Ársfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.

1.3.3. Rökstuðningur – athugasemdir – skýringar:

Í tillögu að breyttu ferli stjórnarkjörs sjóðsins er gert ráð fyrir því að kjörnefnd staðfesti útreikninga tryggingastærðfræðings á atkvæðavægi sjóðfélaga minnst sex vikum fyrir ársfund. Útreikningar tryggingastærðfræðingsins liggja iðulega ekki fyrir fyrr en í febrúar og því vaknaði upp það álitamál hvort tíminn væri e.t.v. of knappur, þ.e. hvort ársfundinum væri sniðinn of þröngur stakkur. Til þess að bregðast við þessu er lögð fram sú tillaga að stjórn sé heimilt að halda ársfund frá mars og til júníloka. Þó er enn þá gengið út frá því að ársfundur sé haldinn í mars eða apríl, en krefjist aðstæður þess, s.s. þegar skil útreikninga tryggingastærðfræðings dragast eða vegna annarra ófyrirséðra aðstæðna, er stjórn heimilt að halda ársfund allt til júníloka. Það er í fullu samræmi við 30. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Með seinni breytingartillögunni, þ.e. breytingartillögu á 7.2. gr., er stjórn gert að tilgreina fyrirkomulag rafrænnar kosningar í fundarboði ársfundar. Er það næsta eðlilegt og til þess fallið að auka skilning sjóðfélaga á ferli kosninganna.

2. Viðmiðunarvísitölur samþykktar

2.1. Rökstuðningur vegna breytinga á viðmiðunarvísitölum samþykktar

Viðmiðunartölur og vísitölur tengdar þeim í samþykktum Almenna lífeyrissjóðsins eru margar hverjar orðnar nokkuð gamlar. Með það að augnamiði að gera samþykktirnar gagnsæri og e.t.v. skiljanlegri fyrir sjóðfélaga er lagt til að uppfæra viðmið og vísitölur á þeim fjárhæðum sem eru verðtryggðar í samþykktunum. Koma því hér að neðan nokkrar tillögur um breytingu á tédum viðmiðunartölum og er miðað við í tillögunum að ný grunnvísitala ákvæðanna verði 489,3 stig sem er vísitala neysluverðs í janúar 2021. Jafnframt er áréttað að viðmiðunarsvísitala í samþykktum er í öllum tilvikum vísitala neysluverðs til verðtryggingar.

2.2. Viðmiðunartala hámarksatkvæðisréttar

2.2.1. Núverandi ákvæði

8.2.

Samþykktum þessum má breyta með samþykki 2/3 greiddra atkvæða. Sjóðfélagar sem eiga inneign í séreignarsjóði hafa einir atkvæðisrétt um 3. kafla samþykktanna. Sjóðfélagar sem eiga réttindi í samtryggingarsjóði hafa einir atkvæðisrétt um 4. og 6. kafla samþykktanna. Atkvæðisréttur sjóðfélaga reiknast eftir inneign þeirra í séreignarsjóði og/eða hlutfallslegri inneign í samtryggingarsjóði (hlutfallsleg skipting eigna miðað við áfallin réttindi) miðað við næstliðin áramót. Hámarksatkvæðisréttur skal miðast við 50.000.000 kr. inneign. Fjárhæðin er verðtryggð og breytist árlega miðað við grunnvísitölu 239,0 stig í janúar 2005.

2.2.2. Tillaga að ákvæði:

8.2.

Samþykktum þessum má breyta með samþykki 2/3 greiddra atkvæða. Sjóðfélagar sem eiga inneign í séreignarsjóði hafa einir atkvæðisrétt um 3. kafla samþykktanna. Sjóðfélagar sem eiga réttindi í samtryggingarsjóði hafa einir atkvæðisrétt um 4. og 6. kafla samþykktanna. Atkvæðisréttur sjóðfélaga reiknast eftir inneign þeirra í séreignarsjóði og/eða hlutfallslegri inneign í samtryggingarsjóði (hlutfallsleg skipting eigna miðað við áfallin réttindi) miðað við næstliðin áramót. **Hámarksatkvæðisréttur skal miðast við 102.364.000 kr. inneign. Fjárhæðin er verðtryggð og breytist árlega með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar, grunnvísitala 489,3 stig í janúar 2021.**

2.3. Viðmiðunartala útborgunar skilyrtrar séreignar

2.3.1. Núverandi ákvæði

12.6.

Heimilt er stjórn sjóðsins að víkja frá fyrrgreindum ákvæðum um útborgun inneignar ef inneign í séreignarsjóði er undir kr. 688.761, en sú fjárhæð breytist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 239,0 í janúar 2005. Í þeim tilvikum skal greiða sjóðfélaga inneignina á skemmri tíma en fram kemur í greinum 12.2. og 12.4. eða með eingreiðslu ef sjóðfélagi óskar þess.

2.3.2. Tillaga að breyttu ákvæði

12.6.

Heimilt er stjórn sjóðsins að víkja frá fyrrgreindum ákvæðum um útborgun inneignar ef inneign í séreignarsjóði er undir kr. **1.410.100**, en sú fjárhæð breytist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs **til verðtryggingar** miðað við grunnvísitölu **489,3 í janúar 2021**. Í þeim tilvikum skal greiða sjóðfélaga inneignina á skemmri tíma en fram kemur í greinum 12.2. og 12.4. eða með eingreiðslu ef sjóðfélagi óskar þess.

2.4. Viðmiðunartala örorkulífeyris

2.4.1. Núverandi ákvæði

19.1.

Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir varanlegu orkutapi sem metið er 50% eða meira og hefur orðið vanhæfur til að gegna starfi sínu og orðið fyrir sannanlegri tekjuskerðingu af völdum

orkutapsins. Örorkulífeyrir er miðaður við áunnin lífeyrisréttindi sbr. gr. 19.3. og framreiknuð réttindi ef sjóðfélagi uppfyllir ákveðin skilyrði.

1. Sjóðfélagi hefur greitt til samtryggingarsjóðs Almenna lífeyrissjóðsins í a.m.k. þrjú ár á undanfarandi fjórum árum og greitt eigi minna en 41.390 kr. hvert ár. Fjárhæðin er verðtryggð og miðar við vísitölu neysluverðs í janúar 2005, gildi 239,0.

19.3.

Réttindi sjóðfélaga til örorkulífeyris eru reiknuð í krónum og ráðast réttindi af því iðgjaldi sem greitt er í samtryggingarsjóðinn ár hvert. Réttindin ráðast af aldri sjóðfélaga þegar iðgjald er greitt til samtryggingarsjóðsins, sbr. töflu nr. 2 í 6. kafla samþykktanna. Réttindin eru verðtryggð og breytast í samræmi við breytingu vísitölu neysluverðs.

2.4.2. Tillaga að breyttu ákvæði

19.1.

Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir varanlegu orkutapi sem metið er 50% eða meira og hefur orðið vanhæfur til að gegna starfi sínu og orðið fyrir sannanlegri tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Örorkulífeyrir er miðaður við áunnin lífeyrisréttindi sbr. gr. 19.3. og framreiknuð réttindi ef sjóðfélagi uppfyllir ákveðin skilyrði.

1. Sjóðfélagi hefur greitt til samtryggingarsjóðs Almenna lífeyrissjóðsins í a.m.k. þrjú ár á undanfarandi fjórum árum og greitt eigi minna en **84.700** kr. hvert ár. Fjárhæðin er verðtryggð og miðar við vísitölu neysluverðs **til verðtryggingar í janúar 2021, gildi 489,3.**

Uppreiknuð tala var: **84.737 kr.**

19.3.

Réttindi sjóðfélaga til örorkulífeyris eru reiknuð í krónum og ráðast réttindi af því iðgjaldi sem greitt er í samtryggingarsjóðinn ár hvert. Réttindin ráðast af aldri sjóðfélaga þegar iðgjald er greitt til samtryggingarsjóðsins sbr. töflu nr. 2 í 6. kafla samþykktanna. Réttindin eru verðtryggð og breytast í samræmi við breytingu vísitölu neysluverðs **til verðtryggingar.**

2.5. Viðmiðunartala barnalífeyris

2.5.1. Núverandi ákvæði

20.5.

Fullur barnalífeyrir skal vera að lágmarki 18.464 kr. á mánuði með hverju barni örorkulífeyrisþega eða hverju barni látins sjóðfélaga. Eigi barn látins sjóðfélaga hvorki foreldri né kjörforeldri á lífi verður greiddur tvöfaldur barnalífeyrir með hverju barni. Fjárhæðir þessar skulu breytast árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitölu 239,0 stig í janúar 2005.

2.5.2. Tillaga að breyttu ákvæði.

20.5.

Fullur barnalífeyrir skal vera að lágmarki **37.801 kr.** á mánuði með hverju barni örorkulífeyrisþega eða hverju barni látins sjóðfélaga. Eigi barn látins sjóðfélaga hvorki foreldri né kjörforeldri á lífi verður greiddur tvöfaldur barnalífeyrir með hverju barni. Fjárhæðir þessar skulu breytast árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar miðað við grunnvísitölu **489,3 í janúar 2021.**

2.6. Viðmiðunartala lífeyrisgreiðslna

2.6.1. Núverandi ákvæði

23.5.

Ef lífeyrisréttindi ná ekki 5.000 krónum á mánuði er stjórn sjóðsins heimilt að greiða réttindin sem eingreiðslu í samræmi við tillögur tryggingafræðings. Upphæðin breytist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 239,0 stig í janúar 2005. Við eingreiðslu lífeyrisréttinda falla makalífeyrisréttindi niður.

2.6.2. Tillaga að breyttu ákvæði

23.5.

Ef lífeyrisréttindi ná ekki **10.200 krónum** á mánuði er stjórn sjóðsins heimilt að greiða réttindin sem eingreiðslu í samræmi við tillögur tryggingafræðings. Upphæðin breytist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu **neysluverðs til verðtryggingar** miðað við grunnvísitölu **489,3 stig í janúar 2021.** Við eingreiðslu lífeyrisréttinda falla makalífeyrisréttindi niður.

Uppreiknuð tala var: **10.236 kr.**

2.7. Viðmiðunartala fluttra réttinda

2.7.1. Núverandi ákvæði

25.3.

Flutt réttindi skv. greinum 25.1 og 25.2 eru verðtryggð og breytast með vísitölu neysluverðs, grunnvísitala í júlí 1998 gildi 184,0. Sömu skilyrði koma fram í greinum 18 til 21 gilda um flutt réttindi.

2.7.2. Tillaga að breyttu ákvæði

25.3.

Flutt réttindi skv. greinum 25.1 og 25.2 eru verðtryggð og breytast með vísitölu neysluverðs **til verðtryggingar**, grunnvísitala í júlí 1998 gildi 184,0. Sömu skilyrði og koma fram í greinum 18 til 21 gilda um flutt réttindi.

3. Umboð stjórnarmanna

3.1. Tillaga að nýju ákvæði:

5.8.

Stjórnarmenn sitja í stjórn og starfa í umboði sjóðfélaga, sbr. 5.1. gr. Stjórnarmenn skulu taka sjálfstæðar ákvarðanir eftir eigin sannfæringu í hverju máli fyrir sig og starfa í samræmi við lög og reglur sem um lífeyrissjóði gilda sem og samþykktar starfs- og siðareglur stjórnar. Umboð sjóðfélaga til kjörins stjórnarmanns verður ekki afturkallað á meðan á kjörtímabili stendur.

3.1.1. Rökstuðningur – athugasemdir – skýringar:

Markmið þessa ákvæðis er að tekið sé skýrt fram í samþykktum Almenna lífeyrissjóðsins að stjórnarmenn eru sjálfstæðir og taka aðeins ákvarðanir eftir eigin sannfæringu. Að sama skapi er lagt til að í ákvæðinu verði skýrt tekið fram að umboð stjórnarmanns til setu í stjórn verður ekki afturkallað á meðan á kjörtímabili stendur. Lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, fjalla ekki um umboð stjórnarmanns eða hvort afturköllun þess sé heimil, og því er hér lagt til að skýrt verði kveðið á um það í samþykktum. Skýrar samþykktir hvað þetta varðar gerir stöðu stjórnarmanna gagnsærri og styrkari. Með þessu er tryggt að stjórnarmaður njóti sjálfstæðis í störfum sínum og að hann starfi samkvæmt góðum stjórnarháttum.

4. Afsögn stjórnarmanns

4.1. Tillaga að nýju ákvæði:

5.9.

Stjórnarmaður getur hvenær sem er sagt starfa sínum lausum. Tilkyningu þar um skal hann senda stjórn félagsins með sannanlegum hætti.

4.1.1. Rökstuðningur – athugasemdir – skýringar:

Í samþykktum Almenna lífeyrissjóðsins er hvergi kveðið á um afsagnir stjórnarmanna. Með þessu ákvæði og ákvæðinu hér að neðan, 5.10., er ætlunin að setja skýrar reglur hvað þetta varðar og um hvaða ferli fer í gang. Það er næsta eðlilegt að stjórnarmaður geti sagt starfa sínum lausum en ástæður þess geta verið margvíslegar, s.s. vegna mikilla anna á öðrum vettvangi, vegna veikinda eða fjölskylduáðstæðna. Þykir því eðlilegt að hafa skýra heimild til afsagnar í samþykktum.

5. Vanhæfi stjórnarmanns

5.1. Tillaga að nýju ákvæði:

5.10.

Verði stjórnarmaður vanhæfur til setu í stjórn og uppfyllir þar með ekki lengur skilyrði 5.2. gr. og 31. gr. laga nr. 129/1997 um hæfi stjórnarmanna, skal honum gert skylt að tilkynna það til stjórnar og segja starfa sínum lausum. Við þær aðstæður, og aðstæður skv. grein 5.9, skal varamaður af sama kyni taka sæti hans og sitja þann tíma sem eftir er af kjörtímabilinu. Í þeim tilvikum þar sem enginn varamaður er til að koma í stað stjórnarmanns er stjórn einungis skylt að efna til stjórnarkjörs ef stjórn er ekki ákvörðunarbær, eða hætta er á slíku. Stjórnarmaður skal þó kosinn í hið lausa stjórnarsæti eigi síðar en á næsta ársfundi. Verði sjóðurinn án ákvörðunarbærrar stjórnar skal stjórnarkjör fara fram eins fljótt og auðið er, og þeir sem síðast gegndu stjórnarstörfum skulu formlega skoðast í fyrirsvari uns ný stjórn tekur við. Ef stjórnarkjör fer fram á grunni þessarar heimildar skal viðkomandi stjórnarmaður kosinn til sama kjörtíma og átti við um þann stjórnarmann sem gengur úr stjórn.

5.1.1. Rökstuðningur – athugasemdir – skýringar:

Markmiðið með ákvæði þessu er að skýrlega verði kveðið á um það að verði stjórnarmaður vanhæfur til setu í stjórn sjóðsins, að honum verði gert skylt að segja af sér. Í 31. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða er fjallað um hæfi stjórnarmanna. Stjórnarmenn þurfa bæði að uppfylla tiltekin hlutlæg og huglæg skilyrði. Hlutlægu skilyrðin eru t.d. að þeir skulu vera lögráða, fjárhagslega sjálfstæðir og mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota. Þá mega þeir ekki eiga sæti í stjórn annars eftirlitsskylds aðila. Það eru því ýmsar aðstæður sem geta kallað fram vanhæfi stjórnarmanns. Verði hann áskynja um vanhæfi sitt er lögð sú skylda á hann að tilkynna það til stjórnar.

Með ákvæðinu er síðan ætlunin að tiltaka það ferli sem fer í gang þegar stjórnarmaður telst vanhæfur eða þegar hann segir af sér. Á því ákvæðið bæði við um þær aðstæður sem fjallað er um í 5.10. gr. og 5.9. gr.

Í 5. málsl. ákvæðisins kemur fram að „[V]erði sjóðurinn án ákvörðunarþærrar stjórnar skal stjórnarkjör fara fram eins fljótt og auðið er, og þeir sem síðast gegndu stjórnarstörfum skulu formlega skoðast í fyrirvari uns ný stjórn tekur við.“ Þetta orðalag á sér fyrirmynd og er byggt á 3. mgr. 64. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélag. Ákvæðið í hlutafélagalögunum er ætlað að tryggja að stjórn geti ekki sagt af sér í því skyni að komast hjá málsókn eða réttargerðum af því að enginn er í formlegu fyrirvari fyrir sjóðinn. Tillögunni er ætlað að koma í veg fyrir það að enginn verði í fyrirvari fyrir sjóðinn í kjölfar afsagnar nokkurra/allra stjórnarmanna. Að sama skapi er henni ætlað að tryggja að stjórnarkjör fari fram eins fljótt og hægt er, til þess að ákvörðunarþær stjórn taki til starfa sem fyrst. Það getur verið nauðsynlegt fyrir sjóðinn.

Þó er tekið skýrt fram í ákvæðinu að stjórn sé ekki skylt að efna til stjórnarkjörs á milli ársfunda nema í þeim tilvikum þegar stjórn er óákvörðunarþær, eða hætta sé á slíku. Því er stjórn heimilt að fresta kjöri nýs stjórnarmanns til næsta ársfundar en í því getur verið fólgið mikið hagræði og minna umstang fyrir sjóðinn.